


Lýsing á umhverfi

Sólbrekkur eru í jaðri Vogastapa á Reykjaneskaga. Reykjaneskaginn liggur lágt yfir sjávarmáli og þar eru víðáttumikil hraun. Vogastapi er grágrýtissvæði og er talið að meginhluti hraunanna þar eigi upptök í Háaleiti og við Grímshól sem hvoru tveggja eru elddyngjur. Að norðan gengur sjórinn á Vogastapa, sem kallaður var Kvíguvogabjörg, en



að sunnan er hann brotinn að endilöngu af misgengjum og er þar sigdalur. Skógurinn stendur í hlíðum dalsins en í botni hans er Seltjörn.

Jarðvegurinn á þessum slóðum er að mestu hulinn mólendi sem víða er að blása upp. Af eldri heimildum má ráða að víða var finna kjarr af víði og birki en þess sjást nú lítil merki fyrr en kemur inn í hraunin.

Vogastapinn þótti varhugaverður farartálmi áður fyrr enda urðu margir úti eða hröpuðu í vondum veðrum. Gengið hafa sagnir af reimleikum allt fram til okkar daga. Enn kemur fyrir að vergfarendur þykist sjá mann á sveimi á Stapanum með höfuð undir hendi. Á hann það til að setjast inn í bíla ef menn eru einir á ferð.

Skógrækt í Sólbrekkum

Gróðursetning hófst 1965 og þá voru settar niður 1500 plöntur af sitkagreni í skóglaut svæði. Næstu árin fram til 1969 voru ýmsar tegundir gróðursettar; birki, viðja, sitkagreni, blágreni, skógarfura, stafafura, bergfura og fjallafura, sem eru uppistaðan í þeim fallega skógi sem við sjáum í Sólbrekkum. Minna var gróðursett á níunda áratuginum en með Landgræðsluskógum 1990 færist aukinn kraftur í ræktunarstarfið. Á síðustu árum hefur verið unnið að grisjun og stígagerð.



Skógræktarfélag Suðurnesja

Félagið var endurreist 1995 og stendur á gömlum grunni. Félag Suðurnesjamanna í Reykjavík stóð fyrir því að Skógræktarfélag Suðurnesja var stofnað 5. mars 1950. Fyrstu árin fólst starfið í gróðursetningu í Háabjalla suðaustan Vogastapa. 17. júní 1955 eignaðist félagið land norðan Seltjarnar, sem nú er nefnt Sólbrekkur.




Opinn skógur

Opinn skógur er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna og Olís og Alcan á Íslandi. Markmið verkefnisins er að opna skógræktarsvæði þar sem aðstaða og aðgengi verður til fyrirmyndar. Lögð er áhersla á upplýsingar, þannig að gestir fræðist um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis. Með öflugum stuðningi - Olís og Alcan á Íslandi - opnast spennandi áningarsvæði fyrir almenning.





Brautryðjendur Opinna skóga:




Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18, 101 Reykjavík,
sími 551-8150, skog@skog.is, www.skog.is

Sólbrekkuskógur Suðurnesjum



OPINN SKÓGUR

Skógræktarfélag Suðurnesja




Sólbrekkuskógur



Gönguleiðir

- Akvegur
- 850 m
- 350 m
- 50 m
- 50 m



Bílféðastæði



Grill



Baró og bekkir



Upplýsingar



Útsýni



Trjéskafi